

Skipulags- og byggingarfulltrúi Uppsveita bs.
Dalbraut 12
840 LAUGARVATN

Garðabær, 27. apríl 2023
Málsnúmer: 202303-0042
SS

Efni: Umsögn um deiliskipulag fyrir Versali á Holtamannafrétti.

Vísað er í tölvubréf frá skipulags- og byggingarfulltrúa Uppsveita bs., dags. 17. mars 2023, þar sem óskað er eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands um deiliskipulagstillögu fyrir fjallasel í Versölum á Holtamannafrétti í Ásahreppi.

Náttúrufræðistofnun hefur kynnt sér deiliskipulagið sem staðfestir núverandi landnotkun en í Versölum eru í dag þrjú skálar, þar af tveir gistiskálar. Ekki er veitt heimild fyrir frekari uppbyggingu heldur einungis viðhaldi á núverandi mannvirkjum. Fyrirkomulag á vatnsnýtingu og fráveitu er einnig staðfest í skipulaginu.

Þar sem engar nýjar framkvæmdir eru heimilaðar og ekki er gert ráð fyrir aukningu á fjölda gesta, gerir Náttúrufræðistofnun engar athugasemdir við deiliskipulagið.

Virðingarfyllst,

Snorri Sigurðsson

Snorri Sigurðsson
Sviðsstjóri náttúruverndarsviðs

